

Múlakot í Fljótshlíð

Áætlun um viðhald og endurbætur
júli 2013 Gullinsnið ehf.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt, hjorleifur@gullinsnid.is



Múlakot um 1950.
Ljósmynd. Þjms. ÞJ-RANG-372

Áætlun um varðveislu og viðgerð Múlakots í Fljótshlíð

Formáli

Áætlun þessi er samin að ósk eigenda Vesturbæjar Múlakots í Fljótshlíð og er tilgangur hennar að leggja fyrstu drög að því hvernig tryggja megi varðveislu gömlu bæjarhúsanna í Múlakoti. Eigendur húsanna hafa ekki í hyggju að gera upp húsinn í þeim mæli að þeim verði fundin ný not, heldur aðeins að gera við þau og halda þeim við þannig að minjagildi þeirra skerðist sem minnst. Þeim sem kunna að taka við eignarhaldi húsanna af núverandi eigendum mun gefast kostur á því að gera sér mat úr þeim eftir efnun og ástæðum.

Saga Múlakots er rakin ítarlega í ritgerð Sigríðar Hjartar *Mannlíf í Múlakoti, Ágrip af sögu Múlakots í Fljótshlíð* og því ekki þörf á að fjalla um hana hér nema að því leyti er snertir byggingarsögu húsanna. Sögu Múlakots verða best gerð skil frá tveimur sjónarhornum: Annars vegar er það saga garðræktar í Múlakoti og brautryðjendastarf Guðbjargar Þorleifsdóttur á því sviði og hins vegar er það saga gisti- og áfangastaðarins Múlakots og tengsl hann við íslenska málalag á 20. öldinni.


Byggingar í Múlakoti, rústir útihúsa, garðurinn framan við húsinn ásamt lysthúsinu mynda eina órofa minjaheild sem mikilvægt er að verði varðveitt til komandi kynslóða. Viðfangsefnið eru mörg og ekki er unnt að takast á við þau öll í einu vetfangi heldur verður að skipta þeim á viðráðanlega áfanga. Hér verður einvörðungu fjallað um bæjarhúsinn leitast við að greina hvernig ráðlegt er að hefja viðgerð þeirra.

Múlakotshúsin voru mæld og teiknuð árið 2010 á vegum Húsafríðunarnefndar og annaðist Jón Pálsson arkitekt verkið. Teikningar hans eru hluti af þessari greinargerð.¹ Hann teiknaði þó ekki skúr sem er við austurgafli húsanna, enda er hann annars eðlis og óskyldur þeim né heldur teiknaði hann lysthúsið í garðinum framan við íbúðarhúsin.

Undirritaður skoðaði íbúðarhúsin 14. júlí 2013 eftir því sem aðstæður leyfðu, ljósmyndaði og skræði stutta lýsingu á húsunum og ástandi þeirra sem hér fer á eftir.

¹ Frumrit teikninga í vörslu Minjastofnunar Íslands. Afrit í vörslu Stefáns Guðbergssonar verkfræðings.

Lýsing á húsinu og ágríp af byggingarsögu þess




Gömlu bæjarhúsin í Múllakoti risu í mörgum áföngum á árunum 1898 til 1946 á rústum torfbæjar sem fyrir var og byggingarsaga þeirra er flókin. Í aðalatriðum má segja að um sé að ræða þrjú sambyggð hús. Elsta húsið sem reis árið 1898 er austast. Byggt var við vesturgafli þess árið 1927 og aftur var húsið lengt til vesturs árið 1946. Fyrsta húsið var íbúðarhús bæjarins og leysti af hólmí torfbæ. Múllakat varð smám saman vinsæll gististaður og viðbyggingarnar voru ætlaðar sem gistihús eða hótél.²

Viðbygging reis við norðurhlíð upphaflega hússins en óvíst er um aldur hennar. Líklegt má þó telja að það hafi verið árið 1927 þegar byggt var við vesturgaflinn. Húsið frá 1927 hefur líklega verið breikkað lítið eitt til norðurs, en sá hluti sker sig frá með minni þakhalla. Árið 1946 var húsið lengt öðru sinni til vesturs, nú með sama sniði og þakhalla og viðbyggingin frá 1927.

Skömmu fyrir 1950 var einnig reistur skúr við austurgafli upphaflega hússins til að hýsa umsjónarmann með trjásafni Skógræktar ríkisins skammt norðaustan við húsið.³ Skúrinn er óvönduð bygging og virðist ekki hafa verið ætlað að standa til langframa. Seinasta viðbyggingin sem hýsir þvottahús reis skömm eftir 1950 við norðurhlíð elsta hluta Múllakotsbæjarins.

² Sigríður Hjartar: Mannlíf í Múllakoti.

³ Stefán Guðbergsson og Sigríður Hjartar, munnleg frásögn í júlí 2013.



Múlakot um 1905.
Ljós. Viggo Zadig. Kópía í eigu Sigríðar Hjartar.

Byggingarstig 1, upphaflega húsið frá 1898.

Árið 1898 var reist nýtt timburhús í Múlakoti ofan á steinhlöðnum kjallara framhúss torfbæjarins sem fyrir var. Smiður hússins var Eyjólfur Þorleifsson, bróðir Guðbjargar húsfreyju í Múlakoti. Eyjólfur vann víða að húsbýggingum á suðurlandi og hann byggði meðal annars burstabæ í Varmahlíð undir Eyjafjöllum.⁴ Nýja húsið í Múlakoti var ein hæð og ris á kjallaranum sem náði undir megin hluta hússins. Aftan við húsið er lægri viðbygging með hallaminna, einhalla þaki út frá meginþakinu. Ekki er kjallari undir henni. Bárújárn er á þaki, mikið ryðbrunnið. Slétt járn er á kili. Þakjárn nær ekki að fullu fram yfir neðstu þakborð suðurhlíðar. Þakrennur vantar. Veggir eru klæddir margbættu bárújárn. Gaflveggurinn að austan er klæddur sléttum járnplötum þar sem hann nær upp fyrir skúrþak sem liggur að gaflinum.

Kjallarinn er lágur en þó vel manngengur. Veggir eru hlaðnir úr blágrýti, allþykkir. Ofan á gömlu veggina að sunnanverðu hefur verið sett ein röð móbergssteina sem undirstöður hússins og veggir þess hvíla á .

Að hluta til hefur grjóthleðslan gengið úr skorðum og hrunið úr henni. Gildir það einkum um steinaröðina ofan á gömlu hleðslunni, en vestast í kjallaranum hefur gamla hleðslan einnig riðlast. Suðausturhorn kjallaraveggjanna virðist hafa sigið. Moldargólf er að mestu leyti í kjallaranum



Kjallari hússins frá 1898.

⁴ Þórður Tómasson safnvörður, munnleg frásögn 29. júlí 2013.



Baðstofa

en þó hefur þunn gólfskán verið steinsteypt í hluta kjallarans. Vestarlega í kjallaranum er svolítill gryfja í kjallaragólfinu.

Innsti hluti kjallarans er stúkaður af með einföldu þili með dyrum á milli.

Yfir kjallaranum eru fimm bitar sem gólf 1. hæðar hvílir á. Suðurendar tveggja þeirra hvíla á litlum tréstoðum ofan á grjóthleðslunni. Á suðurhlíð kjallarans eru þrjár litlir gluggar, hver með þremur rúðum.



Einkastofa

Inngangur í húsið er um tengibyggingu milli byggingarstiga 1 og 2. Þar eru dyr á suðurhlíð. Gólfíð er þar er úr steinsteypu, þremur þrepum neðar en í elsta hlutanum. Gengið er upp tréstiga að dyrum á vesturgafli upphaflega hússins og einnig er gengið um dyr á viðbyggingunni inn á steinsteypt gólf búrs og eldhúss.

Meginhluti jarðhæðarinnar greinist í þrjú herbergi. Austast er baðstofa með tveimur gluggum til suðurs. Í miðði er hjónakamers með einum glugga til suðurs og vestast er einkastofan með tveimur suðurgluggum. Einkastofan skiptist í tvo hluta með einföldu þili sem á er stórt op með strikuðum flatsúlum til hliðanna og bogadregnum faldi yfir. Í miðju húsinu norðanverðu er lítill gangur með dyrum að herbergjunum þremur. Aftan við meginhúsið er viðbyggingin með steinsteyptu gólfi sem er tveimur þrepum neðar en timburgólf hússins.

Í viðbyggingunni eru þrjú herbergi, talin í röð frá vestri, búr, eldhús og svefnherbergi Túbals. Í búr og eldhús er gengið úr tengibyggingu og litla ganginum en í svefnherbergi Túbals er gengið um dyr á norðurvegg baðstofu. Norðurveggur viðbyggingarinnar er að hluta til fallinn inn undan jarðvegsprýstingi og þak hennar er



Hjónakamers

Gangur



Einkastofa, þilveggur sem skilur stofuna í tvo hluta.



Einkastofa, flatsúla á þili.



Svefnherbergi Túbals.



Viðbygging aftan við húsið frá 1898, hálfhrunin.



Norðurveggur einkastofu með þiljum sem gerðar eru úr endurnýttum borðum.

að nokkru leyti hrunið eða sigið inn í húsið. Í viðbyggingunni er steinsteyptur reykháfur.

Timburgólf er í upphaflega húsinu með gólfdukk sem er rifinn og ónýtur. Veggir baðstofu eru veggfóðraðir að hluta til en neðst er þó brjóstlisti með panel fyrir neðan. Loftið er klætt máluðum plötum.

Veggir hjónakamers eru klæddir strikuðum panel, máluðum. Misbreið panelborð eru á austur- og vesturveggjum. Í einkastofunni eru veggir veggfóðraðir að fullu. Strigi og pappi eru í lofti en hvort tveggja í tætlum og sér þar í málaðan loftapanel. Veggfóður hefur rifnað af norðurvegg stofunnar og þar undir eru grænmálaðar, breiðar þiljur með 3/4 stafs striki, lóðréttar, sem skipti er með láréttu bandi en neðst eru þiljurnar rauðbrúnar. Svo virðist sem þetta þil sé gert úr endurnýttu byggingarefni.



Dyr milli einkastofu og anddyris. Oðruð spjaldahurð.

Hurðir eru spjaldsettar með fjórum spjöldum með krossböndum á milli og spjöldin eru með fláajaðri. Hurð að hjónakamers er þó nýlegri með sléttum plötum.

Á milli einkastofu og gangs er sérkennileg hurð. Hún er lág en breið. Hurðinni er skipt lóðrétt í tvo hluta sem tengdir eru með lömum. Hvorum hluta um sig er skipt með láréttu bandi en í stað spjalda er lóðréttur kúlupanel.

Gluggar á suðurhlíð hafa allir verið endurnýjaðir og hækkaðir lítilla frá því sem var í upphafi. Gluggarnir eru nú með krosspóstum með trapisulaga þversniði en upphaflegir póstar hafa vafalaust verið strikaðir. Gluggafaldar eru upprunalegir en skeytt hefur verið við þá að neðanverðu. Af gamalli ljósmynd má sjá að fjórir gluggarammar hafa verið í hverjum glugga,



Innri gluggabúnaður í einkastofu. Gluggafaldur hefur verið lengdur.

þeir neðri með einum láréttum sprota og tveimur rúðum.

Gengið er í kjallarann um hallandi lúgu úr tengibyggjunni. Yfir húsinu er risloft sem að mestu leyti hefur verið notað sem geymsla. Úr tengibyggjunni er mjór, brattur stigi til loftsins. Í vesturenda loftsins er afstúkað svefnkamers með litlum glugga á vesturgafli, yfir þaki tengibyggjarinnar, líklega aðeins notað að sumarlagi, enda kallað kaupakonukamers. Á austurgafli er einnig gluggi sem byrgður hefur verið með jærnplötu.

Yfir risloftinu er sperruþak og opið er upp á milli sperra og sér þar í borðaklæðningu þaksins. Gólfjalir eru ofan á bitum risloftsins aðeins um miðbikið.

Af ljósmynd frá árinu 1905 má sjá að frá upphafi var gengið í húsið um inngönguskúr (bísag) við vesturgafinn þar sem svokölluð tengibyggung er nú og dyrnar voru á sama stað og þær eru enn. Tengibyggungin virðist hafa verið smíðuð upp úr þessum skúr sem var með einhalla torfþaki.

Herbergjaskipan bendir til þess að dyr hafi verið milli torfbæjarins aftan við timburhúsið og gangins, þar síðar voru dyr inni í eldhúsið.



Risloft yfir húsinu frá 1898.

Stigi til risloftsins. Undir honum má sjá lúgu til kjallarans





Viðbyggingin frá 1927. Smíði hússins er ekki að fullu lokið. Bárújárn hefur ekki verið sett á vegg þegar myndir var tekin. Einnig vantar gluggaumgjörð. Bíslagið frá 1898 er orðið að tengibyggingu og þaki þess hefur verið breytt. Ljósm. í eigu Sigríðar Hjartar.

Byggingarstig 2, viðbygging frá 1927

Vestan við inngönguskúrinn var stórt torfhús með grjóthlöðnum veggjum og undir því alldjúpur kjallari. Ekki er ljóst til hvaða nota það var. Þetta hús var rífið og nýtt timburhús reist á kjallaranum sem gistihús með matsal, eldhúsi og gistiherbergjum í risi. Líklegt má telja að Guðmundur Þórðarson frá Lambalæk hafi reist húsið, en hann annaðist flestar húsbýggingar í Fljótshlíð og nágrenni um þessar mundir.⁵

Húsið er ein hæð með risþaki. Steinsteypur undirstöður eru ofan á grjótveggjum kjallarans. Bárújárn er á þaki og veggjum. Þakjárn er nokkuð ryðbrunnið en járn á veggjum virðist í lagi. Vatnsbretti klætt sléttu járni er neðst á veggjum.



Tengibygging milli húsluta frá 1898 og 1927. Gluggi hefur verið settur við hlið dyranna. Í honum eru enn upphaflegir rammar. Upphafleg útidyrhurð stendur í forstofunni.

⁵ Þórður Tómasson safnvörður, munnleg heimild 29. júlí 2013.



Kjallari viðbyggingar frá 1927.



Matsalur



Búr



Eldhús



Kjallari

Kjallaraveggirnir eru svipaðir kjallara gamla hússins en þessi kjallari er þó mun breiðari. Undir kjallaraloftinu endilöngu er langbiti sem loftbitar hvíla á og undir miðjum langbitanum er ein stoð sem hvílir á stoðarsteini á moldargólfinu.

Ofan á suður-grjótvegg kjallarans hefur verið gerður steinsteyptur veggur sem timburhúsið hvílir á. Þrír litlir gluggar eru á kjallaraveggnum steinsteypta, einn með glerrúðu en hinir tveir með málmlötu fyrir.

Tengibyggingin milli byggingarhlutanna er með lægri þakhalla og gólf hennar er steinsteypt og hvílir á grjótvegg kjallarans. Gólfíð er einu þrepi lægra en timburgólf viðbyggingarinnar en þremur þrepum neðar en gólf elsta hússins.

Í syðri hluta hússins er matsalur en í nyrðri hlutanum búr og eldhús. Dyr eru milli tengibyggingar og matsalar. Dyr eru milli matsalar og búrs og aðrar milli matsalar og eldhúss.



Gistiherbergi í risi.

Dyr eru einnig milli búrs og eldhúss. Ummerki eru á gólf og í lofti um þil sem upphaflega hefur greint að herbergi í vesturgafli hússins. Fyrir öllum dyrum eru spjaldsettar hurðir með láréttum spjöldum efst og neðst og tveimur mjóum lóðréttum spjöldum á milli. Öll spjöld með fláajaðri.

Veggir og loft í matsal eru panelklædd með sniðnum jaðri. Gólf, veggir og loft er fernenisóluborið.⁶ Þrír gluggar eru á suðurhlið matsalar með krosspóstum. Gluggar matsalarins eru upprunalegir en gluggarammar hafa verið fjarlægðir og tvöfalt gler sett í karma og pósta.

Gólf í eldhúsi og búri klædd vinyflís um en veggir og loft klædd þunnum máluðum plötum eða þykkum pappa. Einn gluggi er á búri og annar stór í eldhúsi. Gluggar búrs og eldhúss eru annarrar gerðar en matsalar

⁶ Varðveist hefur bréf frá Guðbjörgu Þorleifsdóttur húsfreyju þar sem hún biður son sinn, Ólaf Túbals, sem staddur var í Reykjavík, að kaupa fernenisólú til að bera á matsalinn.

og styður gerð þeirra við tilgátu um að viðbygging hafi verið gerð við norðurhliðina eftir að húsið reis.

Yfir húsinu er loft og þar eru tvö herbergi. Gengið er upp á loftið um stiga úr tengibyggingu inn á gang. Úr honum eru dyr að litlu súðarherbergi með glugga á austurgafli sem snýr út á þak tengibyggingarinnar. Í vesturhluta loftsins er allstórt herbergi með glugga á kvisti á suðurhlið en þar hefur þakinu verið lyft og gluggi gerður. Gluggagerðin í kvistinum er eins og á efri hæð viðbyggingarinnar frá 1946 sem bendir til þess að þakinu hafi verið lyft þegar viðbygging var reist. Veggir og loft herbergjanna beggja eru klædd máluðum plötum.

Á vesturgaflinum voru tveir gluggar, sinn á hvorri hæðinni. Þegar byggingarhluti 3 reis breyttist glugginn á efri hæð vesturgafils í hurð sem tengdi saman byggingarhlutana.



Viðbyggingin frá 1946, húsaröðin hefur náð fullri lengd.

Ljós. 1948 í eigu Sigríðar Hjartar.



Júní 2013.

Byggingarstig 3, viðbygging frá 1946

Vestast í húsaröðinni er viðbygging sem reist var 1946 sem framlenging á húsinu frá 1927, en breidd og þakhalli er sá sami.


Hún er ein hæð og ris á steinsteyptum sökkli með skriðkjallara undir.

Í austasta hluta hússins er anddyri með útidyrum og þar er stigi til loftsins.

Á neðri hæðinni eru stofa, gestaherbergi, skrifstofa og snyrtingar auk gangs. Í herbergi norðan til við vesturgaflinn var lúgusala undir lok veitingahússtímaskeiðs í Múlakoti. Gólf í því herbergi er mjög klökkt og ljóst að máttarviðir gólfsins eru ónýtir eða hafa gengið rækilega úr skorðum.



Anddyri viðbyggingar frá 1946. Stigi til loftsins.



Snyrtingar á neðri hæð.



Stofa á neðri hæð




Gestaherbergi á efri hæð.



Gestaherbergi á neðri hæð.



Herbergi í norðvesturhorni neðri hæðar þar sem lúgsala var undir lok veitingasölu tímabils Múlakots.



Gangur á efri hæð.



Gangur á neðri hæð. Gestaherbergi á vinstrihönd, skrifstofa á hægri hönd og stofa fyrir enda gangsins.

Timburgólf er í húsinu með máluðum gólfborðum nema hvað gólfdukur er á gangi og í anddyri. Veggir og loft eru klædd máluðum plötum. Hurðir eru allar sléttar .

Gangur er eftir loftinu og herbergi til beggja handa. Kvistur er eftir þakinu beggja megin en vestasti hluti hússins er þó án kvists. Að sunnanverðu eru tvö tveggja manna herbergi en að norðan eru tvö einsmanns herbergi auk snyrtingar. Við vesturgaflinn er þriggja manna súðarherbergi með glugga á gaflinum.

Veggir, gólf, loft og hurðir 2. hæðar eru eins og 1. hæðar.

Neðra gólf byggingarstigs 2 og 3 er í sömu hæð en lofthæð byggingastigs 2 er meiri. Gólf efri hæðar byggingarstigs 3 er því einu þrepi neðar en gólf efri hæðar byggingarstigs 2.

Gluggagerð þessarar byggingar er með þrennu móti. Á suðurhlið jarðhæðar eru gluggar með krosspóstum með trapisulaga þversniði, án gluggaramma. Á norðurhliðinni eru líka krosspóstar, en með strikuðum brúnum og bendir gerð þeirra til þess að ramar hafi verið í gluggunum upphaflega. Ekki er fráleitt að ætla að hér séu komnir gluggar sem áður voru á vesturgafli viðbyggingarinnar frá 1927.

Í risinu eru gluggar aðeins með lóðréttum póstum og eru þeir trapisulaga.

Risgluggarnir eru eins og gluggar búrs og eldhúss viðbyggingar í byggingarstigi 2 og kvistgluggi í sama byggingarhluta, og styður það tilgátuna um að búr og eldhús hafi verið stækkað þegar hús 3 reis og þakinu hafi verið lyft um sama leyti.

Gluggar þessa yngsta hluta hússins eru mun snautlegri en eldri hluta þess og frágangur að utan auk þess óvandaðri.



Gluggi húss frá 1898. Umbúnaður líklega upphaflegur en glugginn hefur verið stækkaður. Póstaskipan upphafleg en ramar hafa verið fjarlægðir.



Gluggi tengibyggingar með upphaflegum römmum.



Gluggi viðbyggingar frá 1927. Upphaflegir ramar hafa verið fjarlægðir.



Gluggi viðbyggingar frá 1946. Umbúnaður snautlegur.

Gluggi tengibyggingar að innan



Gluggi á bakhlið viðbyggingar frá 1946. Líklega gluggi sem fluttur hefur verið af gaffli byggingarinnar frá 1927.





Suðurhlið. Skúr frá því um 1950 fremstur á myndinni. Þá upphaflega húsið frá 1898, fjær viðbyggingarnar.



Norðurhlið.



Steinsteyptur gafl skúrsins frá því um 1950.

Skúr við austurgafli upphaflega hússins

Skúrin sem var reistur skömmu fyrir 1950 er ekki hluti af Múlakotsheimilinu. Hann er óvandaðri en húsið og svo virðist sem honum hafi ekki verið ætlaðir langir lífdagar. Suðurveggur er úr timbri, múrhúðaður á hænsnanet en austurgafllinn, sem er á mörkum Austur- og Vesturbæjanna er steinsteyptur. Á þakinu sem er risminna en þak gamla hússins eru asbestplötur og bárujárn.



Horft til austurs eftir norðurhlið húsanna. Beint framundan er vesturgafli þvottahússins.

Þvottahús við norðurhlið

Við norðurhlið tengibyggingar milli húshluta 1 og 2 er yngsta viðbyggingin, þvottahús úr vikursteini með einhalla bárujárnsþaki. Talið er að hún hafi risið skömmu eftir 1950.⁷ Vikursteinarnir hafa molnað nokkuð, byggingin er í slæmu ástandi og hafa eigendur skrúfað hurðina fasta í karminn svo ekki var hægt að skoða hana nánar.



Almennt um ástand hússins

Greiðasala í Múlakosti óx jafnt og þétt fram á miðja 20. öld en eftir það fór að draga úr henni. Næturgestum fór fækkandi á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar og árið 1973 má heita að hótélstarfsemin hafi lagst af. Veitingasölu lauk líklega haustið 1982.⁸

Frá 1984 bjó einn maður í Múlakoti en hann fluttist á elliheimili árið 1998. Frá árinu 2000 hefur húsið staðið ónotað með öllu.⁹

Eftir því sem starfsemi í húsinu minnkaði og heimilisfólki fækkaði dró úr því að dyttað væri að húsinu og viðhaldsvinnu sinnt eins og verið hafði. Í hartnær hálfa öld hefur húsinu ekki verið haldið við.¹⁰

Ástand hluta hússins er misjafnt. Elsti hluti þess er verr farinn en þeir sem nýrri eru. Á hinn bóginn eru nýrri hlutarnir líklega tæknilega ófullkomnari að einhverju leyti.

Elsti hlutinn:

Undirstöður hafa riðlast að hluta til og timburhúsið hefur missigið fyrir vikið. Viðbygging við norðurhlið er að hluta til hrunin. Bárújárn á þaki er ónýtt. Bárújárn á veggjum er lélegt. Allir gluggar eru lélegir, sumir ónýtir. Veggfóður hangir víða rífið og laust.

Miðhlutinn:

Bárújárn á þaki er lélegt. Gluggar þarfnast viðgerðar og að hluta til endurnýjunar. Bæta þarf máttarviði neðra gólfs.

Yngsti hlutinn:

Bárújárn á þaki er farið að láta á sjá. Gluggar eru lélegir og umbúnaður þeirra að utanverðu er mjög gallaður.

Lagnakerfi hússins

Raflagnir eru um húsið. Rafmagnsinntak er í kjallara viðbyggingar frá 1927 og rafmagnstöflur eru í öllum byggingarhlutunum þremur. Bæði rafmagnstöflur og raflagnir eru ótryggar og öryggisrofar slá út öðru hverju. Allur er þessi búnaður úreltur.

Olúkynt miðstöðvarhitun var í hluta hússins en rafmagnsþilofnar í viðbyggingunum. Olúkyndingin er fullkomlega ónýtt.

Við vesturgafli hússins er steinsteypt rotþró¹¹ og að henni frárennslislagnir sem að hluta til eru sýnilegar í kjallara miðhússins. Óvist er um ástand.

Vatnsveita var í húsinu en henni hefur verið lokað því lagnir eru ónýtar.

8 Sigríður Hjartar: Mannlíf í Múlakoti.
9 Stefán Guðbergsson: munnleg frásögn í júlí 2013.
10 Að Sögn Sigríðar Hjartar má líklega miða við lát Ólafs Túbals árið 1964.

11 Sigríður Hjartar: munnleg frásögn í júlí 2013.



Viðgerðaráætlun

Eins og fram kemur í formála hafa eigendur Múlakots í hyggju halda húsunum við í þeim mæli að minjagildi þeirra skerðist sem minnst. Ekki er ætlunin að taka afstöðu til framtíðarnotkunar þeirra. Viðgerðir og endurbætur munu beinast að undirstöðum, máttarviðum og ytra byrði. Stefnt verður að því að halda húsunum veðurheldum og hamla sem best gegn öllum skemmdum.

Ekki verður horft framhjá því að áætlunir um viðgerðir af því tagi sem hér er fjallað um þarfnast stöðugs endurmats eftir því sem þeim vindur fram. Áætlunirnar byggja á takmarkaðri þekkingu á gerð og ástandi húsanna og um leið og framkvæmdir hefjast kemur ýmislegt í ljós sem hefur áhrif á framvinduna og veldur því að upphaflegum áætlunum verður ekki fylgt til hlítar.

Þessi staðreynd breytir því þó ekki að nauðsynlegt er að gera sér sem skýrasta mynd af því verki sem framundan er og raða viðfangsefnum í forgangsröð eftir mikilvægi og eðli þeirra.

Í upphafi er mikilvægast að hlúa að elsta

hluta hússins. Hann er verst farinn, liggur mest undir skemmdum og er jafnframt sá hluti hússins sem á sér lengsta og merkasta sögu.

Í elsta hluta hússins er margvíslegur húsbúnaður og munir sem tengjast sögu staðarins. Sú viðgerð sem óhjákvæmileg er á húsínu verður að líkindum svo umfangsmikil að ráðlegt er að tæma húsið og koma búnaði og gripum fyrir í geymslu á meðan.

Skúr við austurgafli rifinn.

Enda þótt skúrinn hafi verið hluti af heildarmynd staðarins frá því um 1950 er hann annars eðlis en húsið að öðru leyti. Hann er mun óvandaðri bygging og gegndi allsendis óskyldu hlutverki.

Hafa þarf í huga að undir skúrnum kunni að leynast mannvistarleifar sem gæta þarf að. Hugla þarf að ummerkjum á austurgafli gamla hússins um upphaflega gerð þess sem í ljós kann að koma.

Moka frá gamla húsínu bæði að sunnan og norðan.

Jarðvegur við suðurhlið gamla hússins hefur hækkað og nær nú nokkuð upp á kjallaraglugga. Á ljósmynd frá 1905 má sjá að stallur hefur verið rétt sunnan við húsið og jörð hefur náð allt upp undir gluggana. Gera má ráð fyrir því að þessi stallur kunni að hafa verið lagður grjóthellum og því þarf að fara varlega þegar hann verður lækkaður. Af ljósmyndum má sjá að meðfram nýrri hlutum hússins hefur verið hellulögð stétt. Ráðlegt er að grafa hana upp einnig. Að norðanverðu virðist jarðvegur hafa náð mjög hátt upp á



vegginn, líklega upp undir glugga sem var í um 1,6 m hæð frá gólfi. Veggurinn hefur látið undan þrýstingnum og fallið inn í húsið. Grafa þarf frá veggnum þannig að unnt verði að endurbyggja hann frá grunni.

Rífa viðbyggingu norðan við upphaflega húsið.

Veggir og þak viðbyggingarinnar er ónýtt en ýmsir aðrir hlutar hennar eins og skápar og aðrar innréttingar eru heillegri. Steinsteyppt gólf er í byggingunni en óvíst er um ástand þess. Þegar byggingin verður rifin þarf að gæta vel að því að halda til haga öllu því sem heillegt verður talið og unnt er að koma aftur í fyrri skorður.

Endurreisa viðbyggingu.

Viðbyggingin verður reist að nýju með sama sniði og sama útliti og áður en með endurbættri byggingaraðferð sem stenst jarðvegsþrýstinginn. Til álita kemur að veggurinn verði steinsteypur upp undir glugga. Þegar grafið hefur verið frá húsinu verða aðstæður metnar með hliðsjón af því hvers konar undirstöður verða gerðar.

Gera við grjóthleðslu kjallarans og endurnýja kjallaraglugga.

Á þeim stöðum þar sem grjóthleðsla kjallaraveggjanna hefur gengið úr skorðum þarf að laga hana. Einkum er það undir báðum framhornum, þ.e.a.s. suðvesturhorni og suðausturhorni. Móbergssteinaröðin sem húsið hvílir á þarfnast einnig lagfæringar. Kjallaragluggana þarf að endursmíða.

Gera við fótstykki útveggja og rétta af gólf þar sem missig er mest.

Suðausturhorn gólfs í baðstofu hefur sigið verulega en þar hefur grjóthleðsla í kjallaranum sigið og veggurinn og gólfíð fylgt með. Ekki er ráðlegt að rétta húsið af nema að takmörkuðu leyti.

Endurnýja allt þakjárn gamla hússins.

Æskilegt er að bárujárnsplöturarnar verði með sem líkustu sniði og var í upphafi, þ.e.a.s. tveimur plötum skeytt saman á lengd eftir hæð þaksins. Að sunnanverðu þarf bárujárnið að ná lengra fram yfir neðsta þakborðið en nú er. Að líkindum þarf að endurnýja neðsta þakborðið. Gera þarf við timburverk þaksins á báðum göflum og endurnýja þakpappa undir járn. Gera þarf ráð fyrir endurnýjun rennubanda og þakrennu. Núverandi rennubönd eru með óvenjulegu sniði og æskilegt er að þau verði endurnýjuð óbreytt.

Endurbætur á gluggum gamla hússins.

Gluggar á framhlið hússins hafa allir verið endurnýjaðir í lítilla breyttri mynd frá því sem var í upphafi. Þeir eru nú fáeinum cm hærri. Póstar eru ekki strikaðir eins og var áður og ramma vantar. Búnaður glugga að innan er að mestu leyti upphaflegur en skeytt hefur verið neðan við upphaflega gluggafalda og eru viðbæturnar með sama striki. Ekki er ólíklegt að gluggafaldar á bakhlið hússins hafi verið notaðir í þessu skyni þegar viðbyggingin reis. Umbúnaður glugga að utan er að mestu leyti með



upphaflegu sniði. Bjórar yfir gluggum virðast að mestu leyti heillegir en gluggafaldar eru orðnir trosnaðir. Vatnsbretti undir gluggum eru að einhverju leyti til staðar en önnur hafa horfið. Ýmis álitamál tengjast endurbótum á gluggunum. Taka þarf afstöðu til þess í hvaða mæli þeir verða gerðir í upphaflegri mynd, í upphaflegri stærð – eða núverandi stærð, með prófílum sem hæfa og gluggarömmum eða þeir verða að öðrum kosti gerðir áþekkir því sem nú er. Glugga á báðum gafflþríhyrnum hússins þarf að endursmíða. Ekki er að fullu ljóst um stærð þeirra og gerð, en að líkum koma skýr ummerki um þá í ljós þegar hafist verður handa.

Endurnýjun bárujárns veggja.

Bárujárn á suðurhlíð er stagbætt og nauðsynlegt er að endurnýja það þegar gert verður við glugga. Ekkert er vitað um ástand timburklæðningar bakvið bárujárnið en helst er hætt á fúaskemmdum í veggjum undir gluggum þar sem regnvatn kanna að hafa komist inn í veggina við undirkarm. Ekki er ljóst hvernig klæðningu á austurgafli var háttað í upphafi, en nú verður hann klæddur bárujárni.

Endurbætur glugga viðbyggingar frá 1927.

Gera þarf við glugga á suðurhlíð og endursmíða gluggaramma þeirra. Ytri gluggabúnað þeirra þarf að endurbæta og endursmíða að verulegu leyti. Glugga á norðurhlíð þarf að endurbæta. Glugga á austurstafni þarf að endurnýja í upprunalegri mynd.

Endurbætur glugga viðbyggingar frá 1946.

Alla glugga viðbyggingarinnar þarf að lagfæra. Mikilvægast er að ganga frá vatnsbretti við undirkarm á þann veg að vatn eigi þar ekki leið inni í veggina. Sama máli gegnir um kvistglugga viðbyggingar frá 1927.

Endurbætur á gólfi herbergis í norðvesturgafli.

Kanna þarf galla á máttarviðum gólfsins og gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

Endurnýjun þakjárns.

Þakjárn viðbygginga frá 1927 og 1946 þarf fljótlega að endurnýja.

Hitun og loftræsting

Nauðsynlegt er að tryggja hóflega loftræstingu hússins og æskilegt er að lítilsháttar hiti verði á því að vetrarlagi til að hamla gegn raka og sagga.

Þau atriði sem hér hafa verið talin er að nokkru leyti skipað í forgangsröð eins og hún kemur fyrir sjónir nú, áður en verkið hefst. Eins og fyrr segir má fastlega reikna með því að forgangsröðin breytist strax og hafist er handa og einnig að aðrir verkþættir bætist í röðina.

Mikilvægt er að fela reyndum og gætnum verkmanni stjórnun þessa verks og æskilegt er að hefjast handa nú þegar á þessu ári áður en vetur gengur í garð.



Lysthúsið




Ljósabúnaður í ýmsum vistarverum hússins.



Óvenjuleg hurð milli einkastofu og gangs.






Byggingarhluti III

Byggingarhluti II


Byggingarhluti I



Byggingarhluti III

Byggingarhluti II

Byggingarhluti I



ÞAKKANNTYR SJÁ BLAD NR. 10


Byggingarhluti III

ÉFRAKT GLEIÐI ÉLLUM SLUGRUM (JÓNA ANSTRETTANJ)
GERÐAÐ Í KRAM

Byggingarhluti II

ÞAKKANNTYR SJÁ BLAD NR. 10


Byggingarhluti I



Byggingarhluti III

Byggingarhluti II


Byggingarhluti I




Byggingarhluti I

Byggingarhluti II


Byggingarhluti III




Útlit vesturstafn - byggingarhluti III



Útlit vesturstafn - byggingarhluti I



Útlit austurstafn - byggingarhluti II




Útlit austurstafn - byggingarhluti I




Gluggafaldur innan - byggingarhluti I

Dyralfaldur innan - byggingarhluti I




Gluggi á suðurhlíð - snið - byggingarhluti I




Vatnsbretti og skraut yfir glugga - byggingarhluti I

Gluggafaldur utan - byggingarhluti I



Vatnsbretti og skraut undir glugga - byggingarhluti I




Fverpóstur - gluggi byggingarhluti I




Hæðarpóstur - gluggi byggingarhluti I




Gluggi á suðurhlíð - útlit - byggingarhluti I




Skrautbogi í stofu – byggingarhluti I




Pverpóstur – gluggi byggingarhluti II




Hæðarpóstur – gluggi byggingarhluti II




Pverpóstur – gluggi byggingarhluti III



Loftlisti – byggingarhluti I




Brjóstlisti – byggingarhluti I



Dyralfaldur innan – byggingarhluti I

Gólflisti – byggingarhluti I




Loftlisti – byggingarhluti II




Gólflisti – byggingarhluti II



Listi undir neðra vatnsbretti – byggingarhluti II



Hæðarpóstur – gluggi byggingarhluti III




Dyralfaldur innan – byggingarhluti II

Gluggalfaldur innan



Gluggalfaldur utan – byggingarhluti II

Múlakot í Fljótshlíð
 Deiliteikningar mkv. 1:1
 Mælt og teiknað í apríl / maí 2010
 Jón Pálsson



Pakskegg - byggingarhluti I

Pakskegg - byggingarhluti II

Múlakot í Fjótshlíð
Pakskegg m.kv. I 1:1
Mælt og teiknað í apríl / maí 2010
Jón Pálsson 10